

Minnisblað

Til:
Frá: Axel Rodriguez Överby
Dags. 22. maí 2018
Mnr. 2018050059



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Skipulags- og byggingafulltrúa

Björn Davíðsson óskar eftir því fyrir hönd Snerpu ehf. að bæjaryfirvöld taki afstöðu til framkvæmdar í Dýrafirði hvort framkvæmdin sé skuli háð mati á umhverfisáhrifum m.t.t. framkvæmda í flokki C skv. viðauka í lögum um umhverfismat.

Í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 viðauki I, töluliður 10.21 þá er öll strenglagnir yfir 10 km að lengd tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar þar sem stofnunin tekur ákvörðun um umhverfismat varðandi framkvæmdir í flokki B, strenglagnir undir 10 km falla í C flokk og eru tilkynningarskyldar til sveitarfélags og sveitarfélag tekur ákvörðun um umhverfismat.

Töluliður 10.21

| | | A | B | C |
|--------|--|---|---|---|
| C10.21 | Lagning áveitu- eða vatnsstokka um langan veg; loftlínur til flutnings raforku á verndarsvæðum; lagning niðurgrafinna strengja/lagna 10 km eða lengri utan þéttbýlis eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. Lagning strengja/lagna í vatni/sjó 10 km eða lengri eða óháð vegalengd á verndarsvæðum. | | X | |

MÁLMEÐFERÐ

Framkvæmdaraðili tilkynnir framkvæmd til sveitafélags.

Sveitarfélag tekur afstöðu til framkvæmdar m.t.t. umfangs framkvæmda (sjá fylgiskjal merkt Eyðublað-ákvörðun-C-flokkur),

þ.e. lögð fram bókun þess efnis varðandi niðurstöðu.

Niðurstaða auglýst í blaði

MÖGULEG BÓKUN

Ef ekki háð mati:

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 hefur Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar farið yfir tilkynningu framkvæmdaraðila. Niðurstaða Ísafjarðarbæjar er að Úlfsárvirkjun sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. viðmið í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

SKIPULAGSLEGAR FORSENDUR

Stefna

Markmið

- Allir íbúar sveitarfélagsins hafi öruggan aðgang að fjarskiptum
- Öll heimili í sveitarfélaginu geti tengst háhraðaneti og notið þeirra möguleika sem boðið er upp á með slíkri tengingu
- Menntastofnanir verði tengdar öflugum háhraðaneti
- Fyrirtæki í öllu sveitarfélaginu geti treyst á örugga gagnaflutninga um háhraða nettengingu

Lögð skal áhersla á það að öll heimili og fyrirtæki í sveitarfélaginu verði tengd háhraðaneti sem fyrst. Til að tryggja örugga gagnaflutninga er mikilvægt að ljósleiðarinn verði hringtengdur um Vestfirði og að bandvídd verði í samræmi við þróunarmöguleika svæðisins. Við þegar veituframkvæmdir eru fyrirhugaðar er mikilvægt að skoðaðir verði möguleikar á því að leggja ljósleiðara samhliða þeim. Mikilvægt er að allar lagnir falli vel að landslagi og verðmætum náttúrusvæðum verði hlíf eins og kostur er. Þá er mikilvægt að í öllum tilvikum verði gengið þannig frá að sem minnst ummerki verði á yfirborði landsins. Allt jarðrask skal lagað að aðliggjandi landslagi m.t.t. gróðurs, efnis og forma.

Við uppsetningu fjarskiptamastra skal hugað að sýnileika og afturkræfni framkvæmda og þess gætt að valda sem minnstum skaða á náttúrunni.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGS- OG BYGGINGAFULLTRÚA

Með tilliti til umfang framkvæmda Snerpu þ.e. ljósleiðaralagning í Dýrafirði, þá er framkvæmdin sem slík ekki líkleg til þess að hafa í för með sér óafturkræf áhrif á umhverfi, framkvæmdir eru að miklu leiti á þegar röskuðu svæði þ.e. meðfram vegrásum og í gegnum land sem hefur verið ræst fram s.s. tún og engi.